

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127, 2002*  
*komudagur 19.3.2002*


Netfangsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Rvk. 14. mars 2002

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi, 52. mál, 127. löggjafarþing.**

Samkvæmt bréfi dags. 22.febrúar 2002 er óskað eftir umsögn Alþjóðahúss um tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi. Eftirfarandi eru athugasemdir Alþjóðahúss við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,



---

Katla Þorsteinsdóttir  
Alþjóðahúsi ehf.

## **Athugasemdir Alþjóðahúss við tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi.**

Í eftirfarandi athugasemdum, hefur Alþjóðahús að leiðarljósi þá reynslu sem fengist hefur af þeirri lögfræðilegu ráðgjöf sem veitt hefur verið í Alþjóðahúsi frá stofnun þess og auk þess reynslu sem Miðstöð nýbúa hefur af ráðgjafarþjónustu sinni. Það skal tekið fram hér strax í byrjun að meginmarkmið Alþjóðahúss er að vera í málsvarahlutverki fyrir innflytjendur.

### *Staðsetning talsmanns útlendinga skv. tillögunni*

Alþjóðahús er einkahlutafélag. Um er að ræða samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgar-svæðinu og Reykjavíkurborg Rauða kross Íslands. Því þykir okkur ekki sæma, einkanlega með tilliti til þess að ekki hefur verið haft samráð við stjórnendur Alþjóðahúss, að gerð sé tillaga um að viðkomandi talsmaður, sem skipaður yrði með lögum, sé með aðsetur í Alþjóðahúsi.

### *Einstaklingar sem leitað hafa lögfræðilegrar ráðgjafar Alþjóðahúss*

Nú þegar Alþjóðahús hefur verið opið í tvo mánuði hafa 105 einstaklingar leitað til hússins eftir lögfræðilegri ráðgjöf. Þau sveitarfélög sem koma að stofnun og rekstri Alþjóðahúss eru Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Seltjarnarneskaupstaður. Meiri hluti þeirra 105 einstaklinga sem til hússins hafa leitað eru að sjálfsögðu frá þessum bæjarfélögum, en stór hluti er frá öðrum bæjarfélögum, alls staðar að af landinu. Stefna Alþjóðahúss er að þjónusta alla einstaklinga, hvar svo sem þeir hafa lögheimili svo lengi sem það hefur burði til.

### *Lögfræðileg ráðgjöf*

Innan Alþjóðahúss starfar nú lögfræðingur í fullu starfi sem sinnir lögfræðilegri ráðgjöf til útlendinga. Ráðgjöf þessi hefur snert öll hugsanleg réttarsvið. Flest mál eru þó á sviði vinnuréttar og sifjaréttar. Alþjóðahús fullyrðir að með þjónustu sinni við einstaklinga af erlendum uppruna hafi gata þeirra verið greidd og einstaklingar sem til okkar hafa leitað hafa farið frá okkur fróðari um réttindi sín og skyldur auk þess sem þeir hafa verið aðstoðaðir í að ná fram rétti sínum.

Eins og tillagan er fram sett, er um að ræða að sett verði á stofn embætti sem skarast að nokkru við starf lögfræðings sem nú þegar er starfandi hjá Alþjóðahúsi.

### *Aðstoð við rekstur dómsmála*

Samkvæmt greinargerð með tillögunni er gert ráð fyrir því að talsmaður aðstoði útlending við rekstur dómsmála. Alþjóðahúsi þykir mjög óljóst hvað átt er við með aðstoð við „rekstur“ dómsmála. Lögfræðingur Alþjóðahúss hefur tekið á móti nokkrum einstaklingum með mál þannig vaxin að hann mælir með því, eða einstaklingur óskar þess eindregið, að höfðað sé dómsmál. Í öllum tilvikum er þá ráðlagt að viðkomandi fái

sér lögfræðing sem annast málið frá byrjun. Dómsmál eru þannig vaxin að oft og tíðum leggja fyrstu aðgerðir grunninn að málinu öllu, t.d. útgáfa stefnu.

#### *Niðurstaða*

Niðurstaða Alþjóðahúss vegna tillögunnar, í ljósi þess sem að framan er rakið, er að Alþjóðahús er ekki samþykkt tillögunni í heild sinni eins og hún er sett fram þar sem okkur þykir hún ekki framkvæmanleg eins og skýringar eru settar fram í greinargerð. Leyfum við okkur því að setja fram tvær tillögur sem að okkar mati væru vænlegri.

1. Að talsmaður útlendinga væri stofnun sem virkaði líkt og umboðsmaður Alþingis, þannig að útlendingar gætu kvartað ef þeir teldu á sér brotið. Reynslan hefur sýnt að þótt álit umboðsmanns Alþingis séu ekki bindandi fyrir stjórnvöld, hafa þau haft gríðarleg áhrif til batnaðar innan stjórnsýslunnar.
2. Að ríkið tæki þátt í rekstri Alþjóðahúss, og væri þannig aðili að þeirri þjónustu sem þar er veitt, jafnt lögfræðilegri ráðgjöf sem og fræðslu og túlkaþjónustu.

Að lokum viljum við bjóða við nefndarmenn velkomna í heimsókn til okkar í Alþjóðahús til að kynna sér þá starfsemi sem þar fer fram.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/1406*  
*komudagur 21.3.2002*

Allsherjarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. mars 2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi, 52. mál.

Opinberar upplýsingar sýna, að útlendingum hefur fjölgað mjög á Íslandi á undanförunum árum. Ekki er ástæða til að ætla að úr því dragi á næstu árum.

Það er ljóst að vegna stöðu sinnar eiga útlendingar oft undir högg að sækja í þjóðfélaginu. Þeir eru ekki einn samstæður hópur sem getur tekið sig saman um að standa vörð um hagsmuni sína. Ástæður fyrir veru þeirra hér eru misjafnar og sama gildir um aðstæður þeirra.

ASÍ telur að það gæti bætt stöðu útlendinga í íslensku samfélagi að geta leitað sér upplýsinga um þau réttindi og þær skyldur sem fylgja því að búa á Íslandi. Slíkt yrði vafalítið til bóta, bæði fyrir þann hóp sem um ræðir, en einnig fyrir íslenskt samfélag, þar sem það gæti flýtt fyrir aðlögun og dregið úr líkum á misskilningi sem oft kemur upp vegna mismunandi tungumála- og þjóðernisbakgrunns.

Alþýðusamband Íslands er því hlynnt samþykkt þingsályktunartillögunnar.

ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. Alþýðusambands Íslands

---

Allsherjarnefnd Alþingis  
B.t. Hildar Njarðvík nefndarritara

Reykjavík, hinn 8. apríl 2002

**Efni: Umsögn BHM um þingsályktun um talsmann útlendinga á Íslandi (52. mál)**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 25. febrúar 2002, varðandi umsögn um 52. mál, tillögu að þingsályktun um talsmann útlendinga á Íslandi. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið eins og það liggur fyrir.


Málið er ekki á meginsviði BHM en þar sem færst hefur í vöxt að aðildarfélög innan BHM og aðrir aðilar fái mál erlendra ríkisborgara og annarra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli til umsagnar eða jafnvel úrlausnar og þar sem hvorki BHM né aðrar stofnanir samfélagsins hafa hefð eða reynslu til þess að sinna þeim þykir rétt að styðja þingmálið með þeim röksemdum sem er að finna í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Í síðastnefndu sambandi skal þó minnt á að ekki er aðeins um lögbundinn rétt að ræða heldur kann einnig að vera gengið á réttindi samkvæmt kjarasamningum eða öðrum samningum eða löggerningum aðila á vinnumarkaði; slíkar reglur geta eins og kunnugt er verið flókin yfirsýnar og úrlausnar rétt eins og lögbundin réttindamál. Sem dæmi má nefna nýfengna sjúkra- og/eða styrktarsjóði opinberra starfsmanna og hefðbundna sjúkrasjóði stéttarféлага á almennum vinnumarkaði. Þá má minna á þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands og rétt samkvæmt þeim sem eru flókin og í sífældri þróun.

Þess skal getið að undirritaður hefur nokkrum sinnum fengið á sinn fund erlenda ríkisborgara eða annað fólk af erlendum uppruna eða heyrta af málum þeirra sem ekki virðast hafa fengið fullnægjandi eða nægilega skjóta úrlausn í „kerfinu“ en vitaskuld er erfitt að fullyrða að uppruni hafi haft þar bein eða óbein áhrif.

Sú forsenda í greinargerð með tillögunni að talsmaðurinn skuli vera löglærður styðst væntanlega m.a. við þá röksemd í greinargerð að talsmaður skuli „aðstoða“ útlendinga við rekstur dómsmála; ekki er fullljóst hvort þarna er átt við að talsmaðurinn skuli reka mál fyrir dómstólum – en þá þyrfti hann jafnframt að hafa lögmansréttindi.

Þar sem ekki gafst tími til þess að gefa umsögn í tæka tíð er þingflokki flutningsmanna og öðrum flutningsmanni sent afrit umsagnar þessarar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Guðli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.

**Afrit:**  
Þingflokkur Samfylkingar.  
Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður.

# BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Erindi nr. P 127/921

komudagur 27.2.2002



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2002

BSRB hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi, 52. mál.

BSRB telur mikilvægt að af hálfu samfélagsins sé réttindagæslu útlendinga vel sinnt og kæmi í því sambandi vel til álita að stofna embætti talsmanns útlendinga.

f.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 127/1262  
komudagur 18. 3. 2002

Ísafirði 10. mars 2002

Nefndasvið Alþingis

Rætur, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni, þakka fyrir að fá tækifæri til umsagnar um þingsályktunartillögu um talsmann útlendinga á Íslandi.

Stjórn Róta tekur heilshugar undir alla viðleitni til að bæta þjónustu við aðkomufólk sem hér er búsett. Eftirfarandi atriði viljum við einkum hafa í huga varðandi bættu þjónustu.

Það er umhugsunarefni að hvaða marki koma eigi upp sérstöku þjónustukerfi fyrir útlendinga sem sé aðgreint frá öðrum þeim stofnunum sem ætlaðar eru almenningi.

Umboðsmaður Alþingis þjónar öllum almenningi á því verkswiði sem honum er ætlað varðandi lögfræðileg álitamál og útlendingar eiga að honum greiðan aðgang til jafns við Íslendinga.

Við lítum svo á að brýnt sé að almennar þjónustustofnanir fái stuðning til að sinna þörfum aðkomufólks og sá stuðningur sé ekki síst hlutverk þeirra sem starfa í þágu þess fólks sem er nýflutt til landsins.

Engu að síður þarf aðkomufólk að geta gengið að þjónustu sem sérstaklega er sniðin að þeirra þörfum, túlkþjónustu, ýmiskonar ráðgjöf, leiðsögn um íslenskt samfélag og fleira. Til að sinna þessum þáttum, sem og almennum hagsmuna- og réttindamálum skiptir miklu að þjónustan sé aðgengileg og því er brýnt að byggja upp þjónustu um allt land en þar vantar verulega á enda er aðeins eitt stöðugildi í beinni þjónustu við útlendinga á öllu landinu utan Reykjavíkur.

Jafnframt er rík þörf á stefnumótun og samræmingu í málefnum erlends aðkomufólks á Íslandi. Miklu skiptir að hún sé unnin með tilliti til landsins alls en verði ekki um of einskorðuð við sjónarhorn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Með góðum kveðjum  
Fyrir hönd Róta

  
Ingibjörg Daniëlsdóttir formaður

Engjavegi 11  
400 Ísafirði  
s. 848-2093/456-4071  
netfang [ingadan@snerpa.is](mailto:ingadan@snerpa.is)

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1203  
komudagur 13. 3. 2012  
7/1

Fjölmenningaráð  
Póstfang: Alþjóðahúsi, Hverfisgötu 18, 101 Reykjavík

## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002. 52.mál)

Allsherjarnefnd Alþingis.  
Heiðruðu fulltrúar þjóðarinnar,

Fjölmenningaráð hefur skoðað tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga, samkvæmt skriflegri beiðni yðar 22. febrúar s.l. Athugasemdir Fjölmenningaráðs eru sem hér greinir:

1. Fjölmenningaráð telur alveg rétt að setja embætti talsmanns útlendinga eins og er útskýrt í greinargerð tillögunnar.

Umræður um fjölda talsmanna, nánari skilgreining á hlutverki hans eða starfsháttum þurfa að eiga sér stað. Sérstaklega varðandi hlutverk talsmanns útlendinga fyrst nú þegar vinnur lögfræðingur í Alþjóðahúsi til þess að gefa útlendingum ráð um lögfræðileg mál. Hlutverk talsmanns útlendinga virðist skarast að sumu leyti við starf lögfræðingsins hjá Alþjóðahúsi. Fjölmenningaráð óskar þess að hlutverk talsmanns útlendinga verði skipulagt í samræmi við núverandi starfsemi hjá ýmsum stofnunum sem tengdar eru fólki af erlendum uppruna og nýtist sem best fyrir hagsmuni þess fólks.

Einnig óskar Fjölmenningaráð þess að embætti talsmanns útlendinga njóti frelsis og sjálfstæðis í starfi sínu, m.a. frá ríkisstjórnvöldum. Talsmaður útlendinga á að tala fyrir munn útlendinga og hafa þeirra sjónarmið alltaf í huga. Þetta er mjög raunverulegt og mikilvægt atriði varðandi mál sem snerta fólk af erlendum uppruna. Þess vegna vill Fjölmenningarráð leggja áherslu á sjálfstæði og frelsi talsmanns útlendinga í starfi sínu.



## Fjölmenningaráð

Postfang: Alþjóðahúsi, Hverfisgata 18, 101 Reykjavík

2. Varðandi aðsetur talsmanns í Alþjóðahúsi, eins og greinargerðin gefur í skyn, telur fjölmenningaráð það betra að stofna embættið utan Alþjóðahúss sem sjálfstætt embætti. Það mun alls ekki og má ekki hindra samstarf milli talsmans útlendinga og Alþjóðahúss. Það telst frekar mikilvægt og nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði beggja aðila, talsmans útlendinga og Alþjóðahúss. Varðandi þetta atriði vill Fjölmenningaráð sérstaklega bera fram þá ósk að viðkomandi ríkisstjórnvald telji ekki embætti talsmanns útlendinga vera framlag ríkisins til Alþjóðahúss. Þessir tveir aðilar eru í grundvallaratriðum sjálfstæðir hvor frá öðrum.

Fjölmenningaráð fagnar þessari tillögu og þakkar innilega fyrir hana. Fjölmenningaráð óskar þess að tillagan til þingsályktunar verði samþykkt á þinginu og starf talsmanns útlendinga komi í raun fljótlega.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 13. mars 2002

Fyrir hönd Fjölmenningaráðs,



Toshiki Toma, ritari Fjölmenningaráðs

Nefndarsvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P/27/1524*  
*komudagur 2P/27/1524*

Reykjavík, 26. mars 2002

Flóttamannaráði hefur borist bréf allsherjarnefndar Alþingis, dags. 22. febrúar 2002, þar sem óskað er eftir að ráðið gefi álit sitt á þingslályktun um talsmann útlendinga á Íslandi, 52. mál.

Flóttamannaráð telur að vinna þurfi betur að mótun tillögu um talsmann útlendinga. Að mati Flóttamannaráðs er sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir er ekki nægilega skýr hvað varðar starfssvið og umfang embættisins. Flóttamannaráð telur skynsamlegra að styrkja þær stofnanir sem fyrir eru til að þjónusta útlendinga frekar en að setja á laggirnar nýtt embætti.

Flóttamannaráð telur mikilvægt að ef til stofnunar talsmanns útlendinga kæmi yrði að vanda það verk mjög vel og starfsvið hans yrði nákvæmlega tilgreint.

Virðingarfyllst,  
f.h. Flóttamannaráðs Íslands,

---

Ásta S. Helgadóttir, ritari





Alþingi  
Erindi nr. P 124/922  
komudagur 27.2.2002

# Jafnréttisstofa

Nefndarsvið Alþingis,  
b.t. Hildar Njarðvík  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.


Akureyri 26. febrúar 2002.

Með bréfi dags. 22. febrúar 2002 óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um þinglályktunartillögu um talsmann útlendinga á Íslandi.

Að mati Jafnréttisstofu er ekkert í umræddu frumvarpi sem er andstætt markmiðum laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í umræddri greinargerð með tillögunni kemur ekki fram hve mikill fjöldi útlendinga á Íslandi eru konur, karlar og börn.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir lögfr.



Alþingi  
Erindi nr. P 124/922  
komudagur 27.2.2002

# Jafnréttisstofa

Nefndarsvið Alþingis,  
b.t. Hildar Njarðvík  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.


Akureyri 26. febrúar 2002.

Með bréfi dags. 22. febrúar 2002 óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um þinglályktunartillögu um talsmann útlendinga á Íslandi.

Að mati Jafnréttisstofu er ekkert í umræddu frumvarpi sem er andstætt markmiðum laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í umræddri greinargerð með tillögunni kemur ekki fram hve mikill fjöldi útlendinga á Íslandi eru konur, karlar og börn.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir lögr.



## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga

52. mál  
127. löggjafarþing 2001-2002


Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis,

Mannréttindasamtök innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra, hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi. Samtökin fagna tillögunni og eru sammála þeim hugleiðingum um nánari útfærslu á embætti talsmanns útlendinga sem fram koma í greinargerð með tillögunni. Hér er þörf á vandaðri vinnu.

Samtökin benda enda á að mikilvægt er að vanda alla vinnu hvað viðkemur undirbúningi á embætti talsmanns útlendinga og hafa innflytjendur á Íslandi með í ráðum. Svo er um öll mál sem lúta að þessum viðkvæma málaflokki.

Reykjavík, 26. febrúar, 2002  
Virðingarfyllst,

  
Guðjón Atlason

Mannréttindasamtök innflytjenda  
á Íslandi og fjölskyldna þeirra  
Pósthólf 9384, 129 Reykjavík  
Kt. 550699-2819

Alþingi  
Erindi nr. P 127 / 1500  
komudagur 26. 3. 2002

**Mannréttindaskrifstofa Íslands**  
**Laugavegi 7 - 101 Reykjavík**

Sími: 552 2720 - Fax: 552 2721 Netfang: icehr@humanrights.is

**Allsherjarnefnd Alþingis**  
**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8 – 10**  
**150 Reykjavík**

Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ - hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi, lögð fram á 127. löggjafarþingi, 2001 – 2002, 52 mál. Gert var ráð fyrir að umsögn þessi bærist fyrir 15. mars en vegna ferðar undirritaðrar erlendis var ekki unnt að koma henni í tæka tíð. Brýnt þykir þó að fram komi afstaða MRSÍ til máls þessa.

Á undanförunum árum hefur fjöldi útlendinga leitað til Mannréttindaskrifstofu Íslands með ósk um aðstoð við að leita réttar síns í ýmsum efnum. Hafa þar verið á ferð bæði svonefndir hælisleitendur – fólk sem leitað hefur eftir landvist á Íslandi sem flóttamenn – og fólk af ýmsum þjóðernum, sem þegar hafa dvalar – og atvinnuleyfi. Þar sem skrifstofan hefur ekki á stefnuskrá sinni – hvað þá bolmagn til – að vinna að réttindamálum einstaklinga hefur orðið að láta við sitja að reyna að leiðbeina þessu fólki um refilstigu réttarkerfisins og stjórnsýslunnar, benda því á leiðir og stofnanir að leita til. Hefur þetta tekið mikinn tíma frá öðrum störfum, sem MRSÍ er samkvæmd stofnskrá og samþykktum ætlað að vinna enda takmarkað hversu miklu hinn eini starfsmaður hennar fær komið í verk.

Þess er að vænta að lögfræðingur hins nýja Alþjóðahúss í Reykjavík, sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru að koma á laggirnar, taki við þessari ráðgjafarstarfsemi þegar fram líða stundir, að hluta til a.m.k en búast má við að starfsemi hússins verði nokkuð bundin höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldi fólks hefur þörf fyrir ýmiss konar réttaraðstoð, bæði efnalítir Íslendingar og útlendingar, en heimamenn eru þó sýnu betur og allt öðru vísi settir en útlendingar, sem oft hafa enga eða takmarkaða íslenskukunnáttu, hvað þá þekkingu á íslenska réttar- og stjórnsýslukerfinu og eru jafnframt oft hingað komnir úr aðstæðum sem hafa vakið þeim ótta við stjórnvöld hvers konar. Þeir hafa því brýna þörf fyrir sérstakan talsmann, sem þeir geta treyst til að vinna af heilindum af málum þeirra.



Ekki er þó einsýnt, að besta leiðin í þeim efnum sé að setja á stofn nýtt embætti umboðsmanns. Væri að mati MRSÍ æskilegra að sjá til þess að starfsemi Alþjóðahússins nái til landsins alls og styrkja sérstaklega ráðgjafar- og lögfræðipátt hennar.

Virðingarfyllst,  
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Reykjavík, 22. mars 2002,

  
Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1281  
komudagur 18.03.2002

15. mars 2002  
Tilvísun: 2002020197  
121

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi, 52. mál.**

Ríkislögreglustjóranum hefur borist bréf allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi, 52. mál.

Hér með tilkynnist að Ríkislögreglustjórinn hefur engar athugasemdir fram að færa við tillögu þessa.

Virðingarfyllst,

*Kristín Edwald*

Kristín Edwald  
löglærður fulltrúi.

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2002  
komudagur 13.3.2002

*Prestur innflytjenda*

Lofstofu, Austurstræti 20 P.hólf, 1706 121 Reykjavík  
Sími: 869 6526 Netfang: [toshiki@kirkjan.is](mailto:toshiki@kirkjan.is)

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar  
um talsmann útlendinga á Íslandi**

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002. 52.mál)

**Allsherjarnefnd Alþingis.  
Heiðruðu fulltrúar þjóðarinnar,**

**Ég undirritaður hef skoðað tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga, samkvæmt skriflegri beiðni yðar 22. febrúar s.l. Athugasemdir mínar eru sem hér segir:**

1. Ég tel alveg rétt að setja embætti talsmanns útlendinga eins og er útskýrt í greinargerð tillögunnar.  
Skilgreina þarf hlutverk hans og starfshætti og ákvarða fjölda starfsmanna. Ég óska þess sterklega að skoðun útlendinga sem búsettir eru hérlandis verði heiðri höfð við umræður og ákvörðun.
2. Varðandi aðsetur talsmanns í Alþjóðahúsi, eins og greinargerðin gefur í skyn, er ég alfarið á móti þeirri hugmynd. Ég tel það algjörlega nauðsynlegt og mikilvægt að talsmaður útlendinga sé sjálfstæður og í hlutlausri starfsaðstöðu. Alþjóðahús er nú þegar stofnun sem er með völd í málsefnum útlendinga, og þess vegna yrði aðsetur talsmanns útlendinga í Alþjóðahúsi til samþjöppunar valds.  
Að mínu mati skal talsmaður útlendinga og Alþjóðahús sinna gagnkvæmu hlutverki umboðsmanns. Ef talsmaður útlendinga rækir ekki hlutverk sitt sem skyldi gagnvart skjólstæðingum sínum, þá á Alþjóðahús að veita honum áminningu og öfugt. Þannig starfa bæði embættið og stofnunin rétt og á sanngjarnan hátt fyrir þegna þjóðfélagsins.

***Prestur innflytjenda***

Lofstofu, Austurstræti 20 P.hólf, 1706 121 Reykjavík  
Sími: 869 6526 Netfang: [toshiki@kirkjan.is](mailto:toshiki@kirkjan.is)

Ég fagna þessari tillögu og þakka innilega fyrir hana. Ég óska þess að tillagan til þingsályktunar verði samþykkt á þinginu og starf talsmanns útlendinga verði sett á laggirnar hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 12. mars 2002

Toshiki Toma, prestur innflytjenda

Toshiki Toma

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1263  
komudagur 15. 3. 2002

## ÚTLENDINGAEFTIRLITIÐ

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Borgartún 30 - 105 Reykjavík - Sími 510 5400 - Símbréf 562 3375 - Netfang ut@ut.is

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2002

Tilvísun: 2002030003

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi


Vísað er til bréf Allsherjarnefndar dags 22. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar

Útlendingaeftirlitsins um tillögu til þingsályktunar um talsmann útlendinga Íslandi.

Útlendingaeftirlitið bendir á að útlendingar hafa greiðan aðgang að Umboðsmanni Alþingis og hafa nýtt sér þann rétt í fjölmörgum tilfellum.

Að öðru leyti tekur Útlendingaeftirlitið ekki afstöðu til framkominnar þingsályktunartillögu

Virðingarfyllst



Georg Kr. Jónsson